



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Grænbók um málefni innflytjenda og flóttafólks.

Samráð hófst

10. nóvember 2023.

Samráði lauk

8. desember 2023.

Fjöldi umsagna

Alls bárust tuttugu umsagnir, þar af sautján innan þess frests sem veittur var til að veita umsagnir og þrjár að þeim tíma liðnum.

Lengd skýrslu um samráð

Sex blaðsíður.

Umsagnaraðilar (í stafrófsröð)

- Alþýðusamband Íslands.
- Félagssráðgjafafélag Íslands.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Heimssamband verkafólks á Íslandi.
- Íslandsdeild Amnesty International.
- Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir.
- Leikn, samtök fullorðinsfræðsluáðila á Íslandi.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands..
- Mirra rannsóknar og fræðslusetur.
- Rauði krossinn á Íslandi.
- Ráðgjafar- og greiningarstöð.
- Reykjavíkurborg.
- Reykjavíkurborg – Fjölmeningarráð.
- Reykjavíkurborg – sendiherrar íbúa af erlendum uppruna.
- Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Samtök atvinnulífsins.
- Samtök iðnaðarins og samtaka menntatæknifyrirtækja.
- Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.
- Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.
- ÖBÍ réttindasamtök.

Sjónarmið umsagnaraðila

Almennt fögnuðu umsagnaraðilar útkomu grænbókar og að unnið væri að gerð stefnu um málefni innflytjenda og flóttafólks. Bent var á mikilvægi þess að í gildi væri stefna þannig að aðgerðir í málaflokknum yrðu markvissari.

Í eftirfarandi umfjöllun um sjónarmið umsagnaraðila er fyrst fjallað um almennar athugasemdir og er atriðum þar raðað í stafrófsröð umsagnaraðila. Svo tekur við umfjöllun um athugasemdir við einstaka kafla grænbókar. Er fjallað um athugasemdirnar í sömu röð og kaflarnir sem við eiga hverju sinni birtast í grænbókinni auk þess sem vísað er til númers og heitis viðeigandi kafla, eftir því sem við á. Þess er jafnframt getið hverjir umsagnaraðilar eru.

Almennar athugasemdir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir athugasemd við að hafa ekki átt beina aðkomu að gerð grænbókar sem haghafi.

Mannréttindaskrifstofa Íslands nefnir sérstaklega að brýnt sé að fara í fræðsluáttak fyrir almenning um fjölmeningarsamfélagið, stöðu innflytjenda og fjölmeningarnæmi. Í umsögn skrifstofunnar eru lagðar til ýmsar úrbótatillögur sem nýtast munu við gerð Hvítbókar. Að auki bendir Mannréttindaskrifstofan á misbrest hvað varðar framkvæmd laga að mati skrifstofunnar, s.s. hvað varðar réttindi sjúklinga.

Rauði krossinn á Íslandi bendir á mikilvægi hugtakaskýringa og þróunar hvað varðar notkun hugtaka í málaflokknum. Þá bendir Rauði krossinn á mikilvægi þess að styðja við frekari rannsóknir í málaflokknum.

Reykjavíkurborg bendir í umsögn sinni á mikilvægi þess að leggja ekki of þungar byrðar á herðar innflytjenda og að fjalla þurfi um ábyrgð móttökusamfélagsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga ítrekar í umsögn sinni mikilvægi þess að fjármagna þarf aðgerðir til að takast á við þær áskoranir sem birtast í lykilverðfangsefnum grænbókar.

Kafli 3.1 í grænbók - Þróun fjárheimilda.

Reykjavíkurborg bendir á að í kafla grænbókar um þróun fjárheimilda sé meðal annars fjallað um þróun fjárheimilda ríkisins vegna málaflokksins en hins vegar sé ekki fjallað um þróun fjárheimilda sveitarfélaga hvað það varðar.

Að mati Rauða krossins hefði verið gagnlegt að fá þróun fjárheimilda lengra aftur í tímann til að geta borið þróunina betur saman við hlut innflytjenda í mannfjöldaþróun.

Kafli 3.3.1 í grænbók - Upplýsingar um réttindi og skyldur.

ASÍ bendir á misvísandi upplýsingar um ráðgjafastofu fyrir innflytjendur. Ráðgjafastofu var komið á fót árið 2021 og verður það leiðrétt í endanlegri útgáfu grænbókar.

Enn fremur gerir ASÍ athugasemd við að ekki sé minnst á ráðgjafastofu í síðustu ársskýrslu Vinnumálastofnunar. Þá gerir ASÍ jafnframt athugasemdir við að ekki sé raunsönn lýsing á hlutverki Vinnumálastofnunar og innra skipulagi stofnunarinnar þegar kemur að málefnum innflytjenda.

Kafli 3.3.2 í grænbók - Staðan á húsnæðismarkaði.

Mirra rannsóknarsetur gerir athugasemd við að ekki sé fjallað um húsnæðismál í grænbók. Þá gerir ASÍ athugasemd í sinni umsögn við að umfjöllun um húsnæðismál sé ekki ítarlegri. Reykjavíkurborg bendir á að umfjöllun vanti um búsetu innflytjenda í ósamþykktu húsnæði.

ÖBÍ bendir á að skortur sé á leiguhúsnæði með aðgengi fyrir fatlað fólk og að innflytjendur úr hópi fatlaðra séu í miklum meirihluta á leigumarkaði. Hvetur ÖBÍ opinbera aðila til að tryggja húsnæðisöryggi.

Kafli 3.3.3 í grænbók - Samráð við innflytjendur.

Mirra rannsóknarsetur bendir á skort á menningarnæmi og samráði við innflytjendur og vísar til rannsóknar sinnar Jaðarsetning í jafnréttisparadís.

Rauði krossinn bendir á mikilvægi samráðs við innflytjendur sjálfa.

Kafli 3.3.4 í grænbók - Stjórnmalabátttaka.

Reykjavíkurborg bendir á að lýðræðisþátttaka felist ekki einvörðungu í þátttöku í stjórnmalum.

Kafli 3.4.3 í grænbók - Ungir innflytjendur sem hvorki eru í námi né vinnu.

Reykjavíkurborg leggur til að besta leiðin til stuðnings við þennan hóp sé að efla móðurmálskennslu ungmennanna og svo íslenskunám í kjölfarið. Þá benda Samtök kvenna af erlendum uppruna einnig á mikilvægi móðurmálskennslu almennt.

Kafli 3.4.4 í grænbók - Staða fatlaðra innflytjenda.

ÖBÍ gerir athugasemd við framkvæmd vegna rafrænnar ráðgjafastöðvar og að ekki sé nýtt þekking og reynsla ráðgjafamiðstöðvarinnar Sjónarhóls.

Þá bendir Samband Íslenskra sveitarfélaga á mikilvægi þess að staða fatlaðra innflytjenda komi sérstaklega til skoðunar undir lykilviðfangsefnum.

Ráðgjafar og greiningarstöð bendir á varðandi umfjöllun um greiningar stöðvarinnar að varast beri að draga of víðtækar ályktanir af tilvísunum barna með erlendan bakgrunn til þeirra þar sem bæði sé um stutt tímabil að ræða og takmarkaðan fjölda mála.

Kafli 3.4.7 í grænbók - Innflytjendur og aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

ÖBÍ bendir á tengsl efnahagslegrar stöðu og aðgengis að heilbrigðisþjónustu og að fatlaðir séu líklegri til að neita sér um heilbrigðisþjónustu vegna fátæktar. Telur ÖBÍ þörf á að skoða frekar stöðu innflytjenda í hópi fátæks fatlaðs fólks og tengsl við aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Kafli 3.5 í grænbók - Menntun.

Hér verður fjallað sérstaklega um umsagnir um stöðu íslenskukennslu óháð þeim undirköflum sem ábendingar umsagnaraðila falla undir. Íslenskukennsla var mörgum umsagnaraðilum hugleikin hvort sem var út frá kennslufræðilegum sjónarmiðum eða félags- og samfélagslegum sjónarmiðum.

Samtök atvinnulífsins, ASÍ, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Leikn samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi töldu að framhalds og fullorðinsfræðslu sé ekki gerð nægjanleg skil í grænbókinni.

Mirra rannsóknar og fræðslusetur leggur til að boðið verði upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir kemur með ýmsar gagnlegar ábendingar varðandi mikilvægi náms á framhaldsskólastigi, aðgang að menntunartækifærum og atriði er varða menntun kennara.

Reykjavíkurborg telur umfjöllun grænbókar um menntun í leik- og grunnskólum of þrönga og að vísa hefði mátt til fleiri grunnskjala en Menntastefnu 2020-2030.

Sendiherrar íbúa af erlendum uppruna á vegum Reykjavíkurborgar leggja til í athugasemdum sínum að íslenskunám flóttafólks sem þiggur greiðslur frá félagsþjónustu verði gert að skyldu.

Samtök iðnaðarins og Samtök menntafyrirtækja benda á mikilvægi þess að innleiða menntatækni inn í íslenskt skólakerfi.

Kafla 3.6.6 í grænbók - Áskoranir á vinnumarkaði.

Samtök atvinnulífsins, benda á mikilvægi þess að rétt hugtök séu notuð og að skýr greinarmunur sé gerður á brotum á vinnumarkaði annars vegar og mansali hins vegar.

Samtök kvenna af erlendum uppruna og Heimssamband verkafólks á Íslandi telja að niðurstöðu skýrslu ASÍ, *Íslenskur vinnumarkaður 2023 – erlent launafólk og brotastarfsemi á vinnumarkaði* sé ekki nægjanlega vel gerð skil í grænbók. Þá bendir Heimssambandið jafnframt á að málum um misneytingu á vinnumarkaði og vinnumansal sé ekki fylgt eftir.

Kafla 3.7 - Málefni flóttafólks.

Rauði krossinn bendir á mikilvægi þess að skoðað sé, í samhengi við málefni flóttafólks, þegar stórir hópar frá einstaka löndum koma til landsins líkt og nú gildir um fólk frá Úkraínu og Venesúela.

Þá bendir Rauði krossinn einnig á mikilvægi þess að sinna geðheilbrigðismálum flóttafólks.

Rauði krossinn gerir einnig athugasemdir við að ekki hafi verið ákveðið að taka á móti flóttafólki í boði stjórnvalda fyrir árin 2023 og 2024 og bendir á að slíkt sé í mótsögn við áform ríkisstjórnarinnar samkvæmt stjórnarsáttmála.

Kafla 3.7.2 í grænbók - Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Félagsráðgjafafélag Íslands gerir athugasemdir við málsmeðferðahraða umsókna um alþjóðlega vernd og telur að tryggja þurfi aðgang umsækjenda að ráðgjöf félagsráðgjafa á meðan á málsmeðferð stendur.

Kafla 3.9 í grænbók - Mat á árangri gildandi stefna.

ASÍ gerir athugasemdir við að aðgerð 1.2 Ráðgjafastofa fyrir innflytjendur sé merkt sem lokið.

Ábendingar um atriði sem ekki var fjallað um í grænbók.

Hér er fjallað um ábendingar um atriði sem ekki komu fram í grænbók og umsagnaraðilar bentu á. Eru þau sett fram í stafrófsröð.

Almenningssamgöngur – Reykjavíkurborg benti á að ekki væri fjallað um almenningssamgöngur í grænbók.

Almannatryggingar - Reykjavíkurborg, ASÍ og ÖBÍ gera athugasemd við að það skorti í grænbók umfjöllun um stöðu innflytjenda og flóttafólks gagnvart almannatryggingarkerfinu.

Bakhjarlar flóttafólks – Íslandsdeild Amnesty International kemur á framfæri hugmynd um stuðningsverkefni fyrir flóttafólk sem nefnist bakhjarlar flóttafólks.

Fjölskyldusameiningar – Rauði krossinn bendir á að í umfjöllun um málefni flóttafólks í kafla 3.7 vanti alla umfjöllun um fjölskyldusameiningar og mikilvægi þess að tryggja aðstoð við sameiningu fjölskyldna.

Fólk sem bíður brottvísunar – Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á í umsögn sinni að það vanti umfjöllun um málefni þeirra sem bíða brottvísunar og hafa fengið niðurfellingu á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Háskólastigið – Leikn, samtök fullorðinsfræðsluaðila benda á að í grænbók vanti umfjöllun um háskólastigið.

Mismunun – Samtök kvenna af erlendum uppruna benda á skort á umfjöllun um mismunun jafnt almennt sem og varðandi húsnæðismarkað, vinnumarkað og í heilbrigðisþjónustu.

Túlka og þýðingarþjónusta – Reykjavíkurborg bendir á að sértæka umfjöllun vanti um túlka og þýðingarþjónustu.

Að loknu samráði

Líkt og sjá má voru umsagnir margar og ólíkar. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í samráðsferli grænbókar, hvort sem það var með umsögnum eða annarri þátttöku.

Ábendingar umsagnaraðila voru almennt gagnlegar og munu nýtast við áframhaldandi vinnu við gerð draga að stefnu og framkvæmdaáætlunar sem ætlað er að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum til að ná fram stefnumarkmiðum stjórnvalda í málaflokknum.